

Fundur í Betadeild haldinn 17. febrúar 2016 í Menntaskólanum á Akureyri

Mættar voru 20 konur

1. Setning fundar

Björk formaður setti fund og bauð konur velkomnar og Anna Þóra kveikti á kertunum. Björk flutti síðan kveðjur frá fjarstöddum konum.

2. Orð til umhugsunar

Anna Þóra flutti orð til umhugsunar, hún sagði frá grein sem hún hafði lesið í nýjasta hefti Bulletin þar sem listgreinakennarinn Jan Wilson segir frá og heitir greinin *Morgunstundir með Harry* eða *Mornings with Harry*. Hugleiðingin hefst á því að segja að hver sem áhugamál eða hugðarefni okkar eru þá hafi þau kviknað af einhverri ástæðu. Hún segir að allir búi yfir ímyndunarafli, horfið bara á barn leika sér, segir hún, en tækifærin þurfa að vera fyrir hendi. Hún segir að það hafi einmitt verið morgunstundirnar með Harry sem réðu úrslitum þar um. Hún var 3ja ára þegar fjölskyldan flutti og hún kynntist Harry en húsin þeirra voru sambyggð, tveggja hæða hús. En Harry var ekki drengnokki heldur húsbóndinn í húsinu sem var límt við húsið hennar. Hann var listamaður og arkitekt og hún fór með honum í vinnuna á morgnana. Hann kenndi henni að horfa á hluti, náttúruna, línur og form, opnaði bók og þau fóru í ferðalag. Fjölskyldan flutti en áhrifin á lífshlaupið voru varanleg – áhugamál hennar, ævistarf og ástríða. Hann nærði ímyndunaraflið með tækifærum. Orðin til umhugsunar eru hversu kennarar og við sem manneskjur getum haft mikil áhrif á börnin í kringum okkur, með því að næra sköpunargáfu þeirra og viðhalda ímyndunarafli og leikgleði barnsins.

Þá gaf Björk orðið til undirbúningshópsins, en í honum voru Anna Þóra Baldursdóttir, Halldóra Haraldsdóttir, Ingibjörg Auðunsdóttir, Lilja Sæmundsdóttir og Sigrún Aðalgeirsdóttir. Lilja tók að sér fundarstjórn.

3. Fundargerð síðasta fundar

Ragnheiður Sig. las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt eftir smá leiðréttingu.

4. Erindi frá stjórn

Björk minnti á vorþingið sem verður haldið í Setbergsskóla í Hafnarfirði 30. apríl nk., en efni fundarins verður fjölmennung.

Jónína hvatti konur til að koma í facebook hópinn og hafa samskipti þar.

Björk sagði að það yrðu stjórnarskipti nú í vor og því þurfi að skipa uppstillingarnefnd. Eygló benti á að í sumum deildum skipuðu fráfarandi stjórnarkonur uppstillingarnefnd og var það samþykkt. Nefndina skipa því Erna, Jónína og María Gunnars.

Þá ræddi Björk hvort við ættum að huga að fjölgun í deildinni næsta vetur eða ekki. Ákveðið var að fjölga eftir smá umræður. Í útbreiðslunefnd gáfu kost á sér Fríða, Jóhanna og Sigríður.

5. Önnur mál

Þorgerður sagði frá starfi 5. okt. nefndarinnar og sagði að hún starfaði á fullu. Þær höfðu hist á Bláu könnunni og þar var ákveðið að halda sig við þemað nýi kennarinn, verið er að athuga með Hótel KEA fyrir fundinn og einnig er verið að athuga með styrki. Hún sagði að Hugrún hefði bæst við nefndina.

María Gunnars spurðist fyrir um Landssambandsfundinn og hvernig undirbúningur gengur. Jónína svaraði og sagði að fundurinn verði 6.-7. maí 2017 og verið sé að skoða allt í því sambandi.

Jóhanna kom með bækur frá Ragnheiði Stefáns sem eiga að vera í umsjón Beta stjórnar.

6. Fyrirlestur kvöldsins, Halldóra Haraldsdóttir, „Frá Sólborg til HA – á einni starfsævi“

Halldóra Haraldsdóttir sagði frá vistheimilinu Sólborg sem byrjaði sem dagdeild 1969, en var vígt 1971 og var þá sólarhrings vistun. Hún sagði að viðhorfin á fyrri hluta 20. aldar hefðu verið mjög dapurleg og það hefðu verið miklir fordómar gagnvart þroskaheftum. Halldóra sagði frá þegar hún byrjaði að vinna á Sólborg 20. júní 1971, nýútskrifaður stúdent frá MA. Vegna mistaka í vaktaskrá þá voru tvær á vakt fyrsta morguninn í vinnu og hún var með heilan gang af einstaklingum sem hún þurfti að hjálpa á fætur, klæða og koma á ról. Henni leist ekki meira en svo á, en það var nú kallað á fleira fólk til starfa. Hún sagði að Sólborg hefði verið mjög lokuð stofnun í upphafi og öll þjónusta innan stofnunarinnar. En ný hugmyndafræði kom fram uppúr 1971 og stofnunin varð opnari. Sólborg var vistheimili í 25 ár, en fyrsta sambýlið kemur 1974 og þá kemur einnig skólaskylda fyrir fötluð börn, staðan í dag er skóli án aðgreiningar. Halldóra sagðist vera búin að fara í hring – byrjaði á Sólborg og endar væntanlega á Sólborg sem nú er Háskólinn á Akureyri. Endaði á spurningunni, mun fólki með þroskahömlun bjóðast nám í HA í framtíðinni?

Mikið var spurt og urðu umræður fjörugar eftir fyrirlesturinn. Lilja þakkaði Halldóru fyrir mjög fróðlegan fyrirlestur og færði henni rós.

Þá var boðið í kaffi og meðlæti á kennarastofunni og var það myndarlegt að vanda.

Happdrættisvinninginn fékk Eygló Björnsdóttir.

Pyngjan góða var lätin ganga.

Björk þakkaði undirbúningsnefnd og kaffinefnd fyrir góðan fund, slökkti á kertunum og sleit fundi kl. 21:40.

Ragnheiður Sigurðardóttir, ritari.